

# Stefnumótun

2012 – 2016



Embætti  
**landlæknis**  
Directorate of Health



# Efnisyfirlit





<b>Framtíðarsýn</b>	4	<b>Helstu markmið einstakra sviða til ársins 2016</b>	24
<b>Stefnumótunarferlið</b>	6	Áhrifaþættir heilbrigðis	25
<b>Hlutverk</b>	8	Sóttvarnir	26
<b>Skipurit</b>	10	Eftirlit og gæði	27
<b>Meginstefna</b>	12	Heilbrigðisupplýsingar	28
Áhrifaþættir heilbrigðis	13	Stoðsvið	29
Sóttvarnir	14	Skrifstofa landlæknis	30
Eftirlit og gæði	15	<b>Endurskoðun</b>	31
Heilbrigðisupplýsingar	16		
Stoðsvið	17		
Skrifstofa landlæknis	18	<b>Embætti landlæknis. Ágúst 2012</b>	
<b>Helstu áherslur til ársins 2016</b>	20	Mynd á forsiðu: Ásmundur Þorkelsson	
		Hönnun: Auglýsingastofa Þórhildar	

# Framtíðarsýn

---

Góð heilsa og vellíðan landsmanna byggir á öflugu lýðheilsustarfi og samþættri heilbrigðisþjónustu sem styðst við bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.





*Það er viðamiknið og metnaðarfullt verkefni að sameina tvær stofnanir í eina. Landlæknis-embættið og Lýðheilsustöð eiga sér mislanga sögu en báðar hafa þessar stofnanir gegnt mikilvægu hlutverki í sögu heilbrigðisþjónustu og lýðheilsustarfi hér á landi. Árangur starfsins hefur verið góður eins og alþjóðlegir gæðavísar bera vitni um. Aftur á móti þarf á hverjum tíma að endurskoða markmið og verkferla til að bæta og efla starfið enn frekar.*

*Sú sameining sem nú liggur fyrir hefur verið mikilvægur hvati til þess að ræða og kryfja starf Embættis landlæknis og samtímis horfa til nánustu*

*fram tíðar. Allt starfsfólk embættisins hefur tekið þátt í þeirri vinnu á einn eða annan hátt. Styrkur embættisins felst einmitt í áhuga og þekkingu starfsfólks á þeim mikilvægu verkefnum sem því er ætlað að sinna.*

*Sá grunnur sem lagður er með þessu stefnumótunarskjali endurspeglar þau fjölmörgu verkefni sem embættinu hafa verið falin af hálfu löggjafans. Starfsfólk Embættis landlæknis mun leggja sitt af mörkum til að standa undir þeim væntingum sem almenningur, fagfólk og stjórnvöld gera til þess og vinna í anda þess skjals sem hér liggur fyrir.*

*Geir Gunnlaugsson landlæknir*

# Stefnumótunarferlið

---





Undirbúningur að sameiningu Landlæknis-embættisins og Lýðheilsustöðvar stóð yfir með hléum frá mars 2010 þar til breytt lög um landlækni og lýðheilsu nr. 41/2007 tóku gildi þann 1. maí 2011. Stórt skref í áframhaldandi sameiningarferli var stigið þann 1. ágúst 2011 þegar stofnanirnar fluttu undir eitt þak að Barónsstíg 47 þar sem Heilsuverndarstöð Reykjavíkur var áður til húsa.

Undir leiðsögn frá ráðgjöfum Netspors voru í upphafi mótaðar sviðsmyndir með starfsfólki og ýmsum samstarfsaðilum til að skerpa á

síbreytilegu og fjölbreyttu starfsumhverfi embættisins á næstu áratugum. Á grunni þeirrar vinnu fór fram nákvæmari greining starfsfólks, í samvinnu við ráðgjafa, á hlutverki og verkefnum embættisins og helstu stefnumál þess á næstu árum voru meitluð fram. Skipulag embættisins og innra starf var síðan endurskoðað í kjölfar þeirrar vinnu. Leiðarljós vinnunnar hefur verið að tryggja að embættið sinni hlutverki sínu í þjónustu við landsmenn í samræmi við væntingar stjórnvalda eins og þær birtast í lögum um embættið.

# Hlutverk

---





Embætti landlæknis starfar samkvæmt lögum um landlækni og lýðheilsu. Hlutverk þess er meðal annars eftirfarandi:

- að veita ráðherra og öðrum stjórnvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf og fræðslu um málefni á verkswiði embættisins,
- að annast forvarnar- og heilsuefningarverkefni,
- að efla lýðheilsustarf í samvinnu við aðra sem að þeim málum starfa og styðja við menntun á sviði lýðheilsu,
- að vinna að gæðaþróun,
- að hafa eftirlit með heilbrigðisþjónustu og heilbrigðisstarfsmönnum,
- að sinna kvörtunum almennings vegna heilbrigðisþjónustu,
- að bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna, sbr. sóttvarnalög,
- að safna og vinna upplýsingar um heilsufar og heilbrigðisþjónustu,
- að meta reglulega árangur af lýðheilsustarfi og bera hann saman við sett markmið,
- að stuðla að rannsóknum á starfssviðum embættisins.

## Lýðheilsa

### Skrifstofa landlæknis

Lagaumhverfi  
Starfsumgjörð  
Rekstur

### Sóttvarnir

Farsóttagreining  
Sóttvarnaráðstafanir  
Smitsjúkdómar

## Embætti landlæknis

### Áhrifapættir heilbrigðis

Áfengis- og tóbaksvarnir  
Ofbeldis- og slysavarnir  
Næring og hreyfing  
Geðheilbrigði  
Tannvernd

### Heilbrigðis- upplýsingar

Heilbrigðisskrár  
Samræmd skráning  
Rafræn sjúkraskrá  
Rannsóknir

### Stoðsvið

Gæðaðþróun og innra öryggi  
Útgáfa og vefsetur  
Upplýsingakerfi  
Skjalavarsla  
Mannauður  
Móttaka

### Eftirlit og gæði

Kvartanir og óvænt atvik  
Eftirlit og úttektir  
Öryggi og gæði  
Faglegar kröfur  
Leiðbeiningar

## Æviskeið



Skipulag Embættis landlæknis byggir á fjórum kjarnasviðum, stoðsviði og skrifstofu landlæknis.

Kjarnasviðin eru:


1. Áhrifapættir heilbrigðis
2. Sóttvarnir
3. Eftirlit og gæði
4. Heilbrigðisupplýsingar

Skipulag embættisins styður við samþætt starf allra sviða þess til að ná hámarksárangri í lýðheilsustarfi í þágu fólks á mismunandi æviskeiðum og stuðlar að því að heilbrigðisþjónustan sé ávallt byggð á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.

# Meginstefna

---

Embætti landlæknis sinnir fjölmörgum verkefnum sem eru ýmist lögbundin eða falla undir verksvið þess. Hér er tilgreind meginstefna einstakra sviða embættisins.





## Áhrifabættir heilbrigðis

*Vinna markvisst að heilsueflandi samfélagi sem stuðlar að heilbrigði og vellíðan.*

### Áfengis- og tóbaksvarnir

Draga úr skaðlegum áhrifum áfengis-, tóbaks- og vímuefnaneyslu með markvissum aðgerðum og fræðslu.

### Ofbeldis- og slysavarnir

Stuðla að öruggum aðstæðum sem sporna gegn ofbeldi og slysum í samfélaginu.

### Næring og hreyfing

Skapa aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarháttum m.t.t. næringar og hreyfingar í samræmi við opinberar ráðleggingar.

### Geðheilbrigði

Vinna að bættri geðheilsu, hamingju, velferð og vellíðan í samfélaginu.

### Tannvernd

Skapa aðstæður sem leggja grunn að góðri tannheilsu á öllum aldursskeiðum.

## Sóttvarnir

*Vinna í samræmi við sóttvarnalög og Alþjóðaheilbrigðisreglugerð gegn útbreiðslu farsóttá og annarra bráðra sjúkdóma sem ógna lýðheilsu.*

### Farsóttagreining

Greina og halda skrá yfir bólusetningar og sjúkdóma af völdum sýkla, eiturefna, geisla-virkra efna, óvæntrar heilsuvár og atburða sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir heilsu manna.

### Sóttvarnaráðstafanir

Skipuleggja og samræma almennar og opin-berar sóttvarnaráðstafanir um land allt.

### Smitsjúkdómar

Veita ráðgjöf og upplýsingar til almennings, heilbrigðisstarfsmanna og stjórnvalda um forvarnir og útbreiðslu smitsjúkdóma, innan-lands sem utan.



## Eftirlit og gæði

*Sinna markvissu eftirliti sem styður við og er aflvaki gæðapróunar í heilbrigðisþjónustu.*

### Kvartanir og óvænt atvik

Vinna faglega og ítarlega úr kvörtunum notenda heilbrigðisþjónustu og tilkynningum um óvænt atvik.

### Eftirlit og úttektir

Vaka yfir framkvæmd heilbrigðisþjónustu og bregðast við eftir þörfum.

### Öryggi og gæði

Stuðla að öruggri heilbrigðisþjónustu með markvissu gæðastarfi, þar á meðal notkun skilgreindra gæðavísa.

### Faglegar kröfur

Skilgreina kröfu og viðmið fyrir góða heilbrigðisþjónustu.

### Leiðbeiningar

Setja fram leiðbeiningar og verklagsreglur um tilhögun heilbrigðisþjónustu, þar með talið greiningu og meðferð heilbrigðisvandamála.

## Heilbrigðisupplýsingar

*Tryggja að upplýsingar í heilbrigðisþjónustu séu áreiðanlegar, nýtist til að fylgjast með heilsufari landsmanna og styðji við eftirlit, gæðapróun og rannsóknir.*

### Heilbrigðissskrár

Safna, greina og túlka gögn um heilsufar og heilbrigðisþjónustu og miðla þeim upplýsingum til fagfólks, stjórnvalda og almennings.

### Samræmd skráning

Gefa fyrirmæli um skráningu í heilbrigðisþjónustu og hafa eftirlit með gæðum skráningarinnar.

### Rafræn sjúkraskrá

Próa rafræna sjúkraskrá og rafræn samskipti sem tryggja skilvirkt og öruggt aðgengi að viðeigandi rauntímaupplýsingum á landsvísu.

### Rannsóknir

Styðja við og stuðla að rannsóknum á sviði lýðheilsu, m.a. með því að nýta gögn úr heilbrigðissskrám og kanna reglubundið heilsu og líðan Íslendinga.



### Stoðsvið

*Tryggja gæði og öryggi í starfsemi embættisins og veita starfsfólki þess og þeim sem til þess leita góða þjónustu.*

#### Gæðapróun og innra öryggi

Próa og viðhalda verkferlum í innra starfi embættisins sem settir eru fram í gæða- og öryggishandbók.

#### Útgáfa og vefsetur

Starfrækja vefsetur með áreiðanlegum upplýsingum og gefa út prentað og rafrænt efni í þágu almennings og fagfólks.

#### Upplýsingakerfi

Tryggja að upplýsingakerfi embættisins styðji starfsfólk til að ná árangri í starfi.

#### Skjalavarsla

Framfylgja skýrri og skilvirkri skjalastjórnun þar sem unnið er eftir skýrum verkferlum.

#### Mannauður

Móta og innleiða skilvirka og skýra mannauðs-stefnu.

#### Móttaka

Tryggja aðgengilegt, gott og faglegt viðmót við þá sem hafa samband við embættið og beina erindum þeirra í viðeigandi farveg.

## Skrifstofa landlæknis

*Próa og samhæfa verkefni líðandi stundar og sýna frumkvæði svo embættið sé í stakk búið að takast á við nýjar áskoranir á hverjum tíma*

### Lagaumhverfi

Tryggja að embættið sinni lögbundnum verkefnum sínum og starfi í samræmi við lög, reglur og stjórnvaldsfyrirmæli.

### Starfsumgjörð

Starfsaðstaða embættisins stuðlar að heilsu og vellíðan starfsfólks og styður við árangur í starfi.

### Rekstur

Hagkvæmur og gagnsær rekstur sem er innan árlegra fjárheimilda og þar sem ábyrgð stjórnenda er skýr.



# Helstu áherslur til ársins 2016

Fram til ársins 2016 mun starfsfólk embættisins leggja áherslu á fjögur meginverkefni.





### 1. Skilvirk þjónusta

- a. Erindi sem berast fá ávallt faglega og skilvirka afgreiðslu.
- b. Starfsemi embættisins sé í samræmi við skjalfesta verkferla í gæða- og öryggishandbók.
- c. Upplýsingavefur embættisins sé áreiðanlegur, fjölbreyttur og eftirsóttur.
- d. Ráðgjöf til stjórnvalda, fagfólks og almennings byggi á bestu þekkingu og reynslu.

### 2. Öflugt lýðheilsustarf í þágu fólks á öllum æviskeiðum

- a. Stuðla að fjölbreyttum aðgerðum til stuðnings heilsueflandi samfélagi.
- b. Vekja athygli á og draga úr ójöfnuði hvað varðar heilbrigði og lifnaðarhætti.
- c. Auðvelda fólki að lifa heilbrigðu lífi.
- d. Draga úr tíðni og afleiðingum langvinnra sjúkdóma með margvíslegu forvarnar- og heilsueflingarstarfi.
- e. Draga úr heilsufarslegum afleiðingum sjúkdóma af völdum sýkla og eiturefna, geislavirkra efna og annarra umhverfis-þátta.

### **3. Skilgreind gæðaviðmið og árangursríkt eftirlit með heilbrigðisþjónustu**

- a. Beina gæðapróun að öryggi, tíma-setningu þjónustu, skilvirkni, jafnræði, hag notenda og árangri.
- b. Próa og setja fram gæðavísa, faglegar lágmarkskröfur og leiðbeiningar.
- c. Nota fjölbreyttar og skilvirkar aðferðir við eftirlit sem styðja við gæði og öryggi.
- d. Stuðla að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna með markvissu eftirliti.
- e. Tryggja að kvartanir og tilkynningar um óvænt atvik fái faglega skoðun og nýtist til að bæta gæði og öryggi þjónustunnar.





#### 4. Áreiðanlegar upplýsingar um heilsu og heilbrigðisþjónustu

- a. Leiða markvissa þróun rafrænnar sjúkraskrár á landsvísu.
- b. Styðja við samræmda skráningu með því að leiðbeina og hvetja skráningaraðila og veita þeim endurgjöf.
- c. Rafrænar rauntímasendingar verði meginaðferð við söfnun upplýsinga í heilbrigðisskrár.
- d. Koma upp vöruhúsi heilbrigðisupplýsinga þar sem hægt verði að nálgast lykiltölur um starfsemi heilbrigðisstofnana og mikilvæga heilsu- og gæðavísa á gagnvirkkan hátt.
- e. Styðja við rannsóknir á sviði lýðheilsu með reglubundnum könnunum á heilsu og líðan Íslendinga og með því að nýta heilbrigðisskrár sem efnivið í rannsóknir.



# Helstu markmið einstakra sviða til ársins 2016

Svið embættisins sinna skilgreindum verkefnum og styðja hvert annað til að embættið nái hámarksárangri í starfi sínu. Eftirfarandi verkefni eru sett í forgrunn á hverju sviði á næstu árum.





### Áhrifapættir heilbrigðis

*Áhersla er lögð á heilbrigði og áhrifapætti þess og vinnu að heilsueflingu á öllum aldursskeiðum með þverfaglegum, almennum og sértækum aðgerðum sem byggja á gagnreyndri þekkingu.*

Árið 2016 verði til:

- a. Ráðleggingar um heilsueflandi samfélag sem styðja stór og smá samfélög í markvissri heilsueflingu með stefnumótun og samræmdum aðgerðum.
- b. Leiðbeiningar og gátlistar um mótun heilsustefnu og gerð áætlana um líðan, næringu, hreyfingu, ofbeldis- og slysavarnir, tannvernd, tóbaks-, áfengis- og vímuvarnir.
- c. Heilsueflandi leik-, grunn- og framhaldsskólar um land allt.
- d. Greining á ójöfnuði m.t.t. heilsu og líðanar og aðgerðaráætlun til að draga úr honum.
- e. Heildstætt mat á áhrifapáttum geðheilbrigðis.
- f. Lýðheilsusjóður sem styður við faglegt og árangursríkt lýðheilsustarf á fjölbreyttum vettvangi.

## Sóttvarnir

*Miða að því að undirbúa aðgerðir, verjast og bregðast við óvæntum ógnum við lýðheilsu sem stafa af sýklum, eiturefnum, geislavirkum efnum og óþekktum ástæðum.*

Árið 2016 verði til:

- a. Farsóttagreining og vöktun með rafrænni rauntímaskráningu skráningar- og tilkynningar-skyldra sjúkdóma og almenn vöktun og samstarf við Sóttvarnastofnun ESB (ECDC).
- b. Aðgerðir gegn sýklalyfjaónæmi, aðgerðatengdum sýkingum í heilbrigðisþjónustu og ómarkvissri sýklalyfjanotkun.
- c. Áætlun um bólusetningar, vöktun þeirra, innleiðingu nýrra bóluefna og viðeigandi árangursmælingar.
- d. Skilgreindar alnæmis- og kynsjúkdómavarnir, meðal annars með átaki meðal fíkniefna-neytenda.
- e. Endurskoðaðar viðbragðsáætlanir við óvæntri heilsuvá og innleiðing alþjóða-heilbrigðisreglugerðar WHO.



## Eftirlit og gæði

*Áhersla er lögð á að tryggja góða og örugga heilbrigðisþjónustu með markvissu eftirliti, leiðbeiningum og faglegum viðmiðum.*

Árið 2016 verði til:

- a. Áætlun um að þróa og efla gæði og öryggi heilbrigðisþjónustunnar og stuðla að framförum innan hennar.
- b. Faglegar kröfur, gæðavísar og önnur viðmið um rekstur heilbrigðisþjónustu þróuð í samstarfi við fagfólk og stjórnvöld.
- c. Leiðbeiningar og verklagsreglur um tilhögun þjónustu, greiningu, meðferð og úrlausnir heilsufarsvanda í samræmi við bestu þekkingu.
- d. Öflugt innra gæðaeftirlit heilbrigðisstofnana og eftirlit með útfærslu þess.
- e. Heildstæð greining á því hvar mest hætta er á þjónustubresti.
- f. Hagnýting lyfjagagnagrunns og annarra gagnagrunna embættisins til eftirlits með lyfja-ávísunum sem stuðlar að skynsamlegri lyfjanotkun landsmanna.
- g. Markviss úrvinnsla kvartana og tilkynninga um óvænt atvik sem nýtt er til að bæta gæði þjónustunnar.

## Heilbrigðisupplýsingar

*Áhersla er lögð á samræmda skráningu í heilbrigðisþjónustu, rafræna sjúkraskrá, söfnun gagna í heilbrigðisskrár, rannsóknir á sviði lýðheilsu og greiningu, túlkun og miðlun upplýsinga.*

Árið 2016 verði til:

- a. Miðlæg þjónustueining sem leiðbeinir og styður við samræmda skráningu heilbrigðisupplýsinga um allt land.
- b. Vöruhús gagna með lykiltölum um heilsufar og heilbrigðisþjónustu sem vitna m.a. um gæði og árangur þjónustu á landinu öllu.
- c. Gagnvirkur, rafrænn aðgangur stofnana og starfsstöðva í heilbrigðisþjónustu að tölfræði úr vöruhúsi gagna með skilgreindum samanburðarupplýsingum.
- d. Rafræn sjúkraskrá sem uppfyllir lágmarkskröfur heilbrigðisyfirvalda og styður við rétta skráningu.
- e. Rafrænar rauntímasendingar skilgreindra lágmarksupplýsinga frá heilbrigðisstofnunum í heilbrigðisskrár embættisins.
- f. Öruggur rafrænn aðgangur einstaklinga að skilgreindum upplýsingum um þá sjálfa, t.d. um eigin lyfjasögu úr lyfjagagnagrunni.
- g. Reglubundin könnun á heilsu og líðan Íslendinga og vöktun á áhrifaþáttum heilbrigðis.



### Stoðsvið

*Áhersla er lögð á faglegt og skilvirkt innra starf embættisins og þjónustu þess við almenning og fagfólk.*

Árið 2016 verði til:

- Gagnvirkur upplýsingavefur og útgáfa sem á skilvirkan hátt miðla upplýsingum og styðja við starfsemi heilbrigðisstarfsfólks, heilbrigðisstofnana, stjórnvalda og almennings.
- Öflug innri upplýsingakerfi embættisins sem styðja starfsmenn til árangurs í starfi.
- Innleidd verkefnastjórnun í allri starfsemi embættisins.
- Verkferlar fyrir markvissa málástýringu og skjalastjórnun.
- Mannauðsstefna sem stuðlar að því að starfsmenn embættisins njóti sín í starfi og inniheldur m.a. starfsmannastefnu, heilsustefnu, eineltisáætlun og jafnréttisáætlun.

## Skrifstofa landlæknis

*Áhersla er lögð á að embættið nái hámarksárangri við úrlausn og framkvæmd þeirra verkefna sem unnið er að á hverjum tíma.*

Árið 2016 verði til:

- a. Verkferlar sem styðja við gerð og eftirfylgni verk- og fjárhagsáætlana og tryggja góða nýtingu fjármuna.
- b. Heildstæð greining á lögbundnum skyldum embættisins og aðgerðaáætlun á grunni hennar.
- c. Vottað upplýsingaöryggiskerfi.
- d. Traust ímynd embættisins meðal almennings, fagfólks og stjórnvalda.

Stefnumótun 2012 – 2016

# Endurskoðun



Embætti  
**landlæknis**  
Directorate of Health

Framangreind stefnumótun lýsir niðurstöðu vinnu sem hefur verið unnin á ákveðnum tíma og við ákveðnar aðstæður í síbreytilegu starfsumhverfi embættisins. Því er um lifandi gagn að ræða sem nauðsynlegt er að endurskoða. Fara þarf árlega yfir og meta þann árangur sem hefur náðst og skoða þær breytingar sem hafa orðið í þjóðfélaginu og hafa áhrif á starfsumhverfið. Áfram verður kerfisbundið unnið að stöðugri framþróun í öllu starfi og markmiðasetningu embættisins.



**Embætti**  
**landlæknis**  
Directorate of Health

Barónsstíg 47 • 101 Reykjavík

Sími 5101900 • Bréfasími 5101919

mottaka@landlaeknir.is • [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)